

Stjórnarfundur nr. 9

18. nóvember 2009 kl.13:30 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Friðrik Lunddal kom seinna inn á fundinn. Auður Sif Sigurgeirsdóttir boðaði forföll.

1. Fulltrúar frá Matvælastofnun / Mast

Halldór Runólfsson og Þorvaldur H. Þórðarson mættu fyrir hönd MAST. Aðalumræðuefnið var skapgerðarmat sem stofnunin ætlaði að nota vegna innflutnings á ákveðnum hundategundum. Þorvaldur H. Þórðarson og Björn Steinþórsson kynntu skapgerðarmatið á fulltrúaráðsfundi í 29. apríl sl.

Stjórn HRFÍ fékk fregnir um að búið væri að fella niður skapgerðarmatið án þess að fá tilkynningu frá MAST. Einnig var ekkert á vefsíðu MAST sem gaf til kynna að búið væri að leggja matið niður. Stjórn HRFÍ óskaði því eftir fundi með fulltrúum MAST en óratíma hefur tekið að finna fundartíma.

Halldór og Þorvaldur sögðu að það væri ekki búið að leggja niður skapgerðarmatið. Skapgerðarmatið hefi ekki verið mikið notað en við notkun þess hefði komið í ljós ýmsir gallar við framkvæmd. Samkvæmt Halldóri og Þorvaldi þá er skapgerðarmatið í nánari vinnslu og endurskoðun. Fulltrúar Mast sögðu að þeir væru að finna út hvað væri best að nota og leita eftir hugmyndum allra m.a. til stjórnar HRFÍ. Fulltrúar MAST sögðu að það sé mikilvægt að vera með skapgerðarmat sem er framkvæmanlegt. Stjórn HRFÍ ræddi nokkrar hugmyndir af breytingum og vonar að allir geti orðið sáttir að lokum. Fulltrúar Mast vilja vinna ofangreint mál í fullri samvinnu við félagsmenn HRFÍ. Stjórn HRFÍ er bjartsýn um að málið verði leyst á farsælan hátt þar sem allir geti vel við unnað. Allir sammála um að góð samvinna milli MAST og HRFÍ skipti miklu máli.

Rafrænn póstur frá MAST eftir fundinn:

From: Þorvaldur H Þórðarson [mailto:thorvaldur.thordarson@mast.is]
Sent: 25. nóvember 2009 12:53
To: Jóna Th. Viðarsdóttir
Cc: Halldór Runólfsson
Subject: Skapgerðarmat á hundum við innflutning til Íslands.

“Sæl Jóna.

Í vor kynnti Matvælastofnun ný viðmið varðandi skapgerðarmat á hundum sem flytja á til Íslands.

Þegar vinna átti eftir þeim reglum sem þá voru kynntar komu ýmsir annmarkar í ljós. Matvælastofnun telur því rétt að skoða málið nánar, einkum m.t. t. útfærslu og þess að viðunandi árangur náist í að nálgast raunhæft og réttmætt mat á skapgerð hvers hunds sem flytja á til landsins og talið er að þurfi slíkt. Í því sambandi var ákveðið að taka málið til endurskoðunar. Enn hefur því í raun ekki verið fallið frá fyrra mati, en aftur á móti málið í heild sinni tekið til frekari skoðunar. Hvort annmarkar þessa kerfis verða sniðnir að okkar þörfum, eða alveg nýtt kerfi notað, er ekki gott að segja til um á þessari stundu. Aftur á móti er það stefnan að vinna að kerfi sem tiltölulega auðvelt er að vinna eftir, en gefur eins raunhæft skapgerðarmat og mögulegt er. “

Með kveðju, / Best regards,
Þorvaldur H. Þórðarson / Thorvaldur H. Thordarson
Framkvæmdastjóri inn- og útflutningsmála / Manager of import and export
Inn- og útflutningssmál / Office of Import and Export

2. **Fundur 11. nóvember með stjórnnum vorstehdeildar, mjóhundadeildar og íþróttadeildar vegna bréfs frá stjórn HRFÍ sem sent var til stjórna deildanna 22. október sl.**
Vorstehdeild var boðuð kl. 17:30,
Mjóhundadeild var boðuð kl. 18:30
Íþróttadeild var boðuð kl. 19:30.

Fyrir hönd vorstehdeildar mættu Kjartan Antonsson, Einar Hallsson, Hannes Bjarnason og Eydís Gréta Guðbrandsdóttir.

Fyrir hönd mjóhundadeildar mættu Kristín Þorvaldsdóttir, Margét Nílsdóttir, Sunniva H. Snorradóttir

Fyrir hönd íþróttadeildar mættu Guðrún Katrín Jóhannsdóttir, Anna Birna Björnsdóttir, Hallgerður Kata Óðinsdóttir, Linda Jónsdóttir.

Í upphafi allra fundanna sagði Jóna Th. Viðarsdóttir formaður að hún vildi leiðrétta misskilning varðandi bréfið sem stjórn sendi til þeirra en með því hafi stjórn HRFÍ ekki verið að lýsa vantrausti á stjórnir deildanna. Verið var að senda bréf félagsmanns sem sendi bréfið til stjórnar með orðinu *Vantraust* í subject. Það sem hefur trúlega valdið misskilningi er orðið sem sett var í subject. Ef bréf frá stjórn er lesið kemur hvergi fram vantraust stjórnar HRFÍ á viðkomandi deildir. Stjórn Hundaræktarfélagsins var fyrst og fremst að lýsa óánægju með þátttöku deildanna í starfi klúbbs sem ekki er aðili að HRFÍ né FCI, klúbbs sem hefur ekki áhuga á að starfa innan vébanda HRFÍ. Kjartan eigandi Propac tjáði starfsmanni skrifstofu að hann hefði verið styrktaraðili þessa vinnuhundadags en Dobermann Íslands verið framkvæmdaraðili.

Íþróttadeild

Rætt var um starfsemi íþróttadeildar, námskeiðið hjá Lars Bang og framtíð deildarinnar. Anna Birna er eini kennari sem er að kenna. Henni til aðstoðar eru tveir áhugasamir félagsmenn.

Vinnuhundadeild

A-2323

Mættir voru allir í stjórn vinnuhundadeildar: Albert Steingrímsson, Arna Rúnarsdóttir, Haukur Birgisson, Steinar Lúðvíksson og Valgerður Stefánsdóttir.

Stjórn vinnuhundadeildar lagði fram dagskrá að prófum sem eru framundan. Dagskráin verður auglýst í næsta Sámi. Rætt var um næstu verkefni deildarinnar m.a. æfingatíma sem auglýstir verða fljótlega á vefsíðu vinnuhundadeildar. Í dagskránni sem vinnuhundadeild lagði fram voru m.a. fyrirlestrar, próf, keppnir og æfingatímar sem verður auglýst á vefsíðu deildarinnar.

3. Heilsufarskröfur pmf deildar

A-2322

Rökstuðningur varðandi heilsufarskröfur fyrir dobermann:

Svar sem tengiliður tegundarinn fékk frá sænska kennel klúbbnum varðandi reglur um ættbókar skráning á Dobermann í Svíþjóð

“Dobermanns must HD free (A or B), eye tested and have gone through a mental assessment (MH). The Swedish Board of Agriculture has decided that the minimum age for breeding any bitch is 18 months (and it must be at least her second season), consequently this is also what the SKK has to rely on. All the other tests you mention are voluntary. There is no requirement as to the dog having to be shown.”

Stjórn HRFÍ styður tillögur deildarinnar.

4. Samstarf við Hundaræktunarfélagið Rex

A-2320 /A-2321

Ásgeir Guðmundsson formaður Hundaræktunarfélagsins Rex kannar möguleika hvort stjórn HRFÍ hefði áhuga á samstarfi við Hundaræktunarfélagið Rex varðandi augnskoðanir.

Augnskoðun á vegum Hundaræktarfélag Íslands er aðeins fyrir hunda sem eru ættbókarfærðir hjá félaginu og virka félagsmenn þess. Hundaræktarfélag Íslands getur því ekki verið í samstarfi við annað hundaræktarfélag varðandi augnskoðun á hundum.

5. Önnur mál

Fulltrúaráðsfundur

Samþykkt að hafa fulltrúaráðsfund miðvikudaginn 2. desember kl. 19:30.

Fundarefni:

- Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ
- Punktur frá NKU fundi 21. ágúst sl. - Guðríður Valgeirsdóttir varaformaður
- Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum
- Önnur mál

Tveimur stjórnarmönnum ræktunardeildar er heimilt að mæta á fulltrúaráðsfund ef það hentar betur. Ekki er ætlast til að fleiri mæti frá hverri deild, en afar mikilvægt er að einhver fulltrúi deildar mæti sjáí formaður sér það ekki fært.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 2. desember kl.16:00

Fundi slitið.

Valgerður Júlíusdóttir, ritari